



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. júlí 2005
Tilvísun: UST20050600187/sf

Vegur um Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkurbreppi og Reykhólahreppi. Mat á umhverfisáhrifum.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 20. júní sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegar um Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkurbreppi og Reykhólahreppi.

Fyrirhugað er að leggja um 25 km langan veg milli Stranda og Reykhólahrepps um Arnkötludal og Gautsdal. Einn megingilgangur framkvæmdarinnar er að stytta vegalengd og aksturstíma milli norðanverðra Vestfjarða og höfuðborgarsvæðisins. Einnig að bæta samgöngur milli sveitarfélaganna á norðanverðum Ströndum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framkvæmdina.

Gróður

Náttúrustofa Vestfjarða gerði úttekt á gróðri vegna fyrirhugaðrar veglagningar. Í skýrslu náttúrustofunnar um gróðurfur í Arnkötludal og Gautsdal, sem er fylgiskjal með matsskýrslu, kemur fram að vegagerðin raskar ósnortnum og heildstæðum gróðurhverfum, en flestar tegundirnar sem fundust eru algengar um land allt eða a.m.k. svæðisbundið. Ekki fundust neinar tegundir sem eru á valista á athugunarsvæðinu.

Sá gróður sem raskast við fyrirhugaða vegagerð er holtagróður, lyngmóar og votlendissvæði. Leið 1 liggur nokkuð víða um votlendissvæði, en þau eru mörg hver fremur lítil, sbr. skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða um gróður. Stærsta votlendið er undir Hrafnabjörgum (milli stöðva 11.000-12.000) en þar er hallandi klóffu- og hálmgresismýri, alls um 20 ha að stærð. Á milli stöðva 2.000-4.000 eru stórþýfðir fjalldrapamóar á milli holta, samanlagt nálægt einum hektara að stærð og í Gautsdal er votlendur Hvammur, milli stöðva 20.000-20.500, sem er um 1 ha að stærð. Við Strýtu, ofan við efnistökusvæði E, er votlent svæði sem er u.þ.b. 2 ha.

Vegstæði leiðar 6-N í Arnkötludal, austan ár, liggur um víðáttumikið og fjölbreytt votlendi (hallamýri), sem er um 20 ha að stærð. Fram kemur í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða um gróður að fullyrða megi af staðþekkingu að ósnortin hallamýri af þeirri stærð og fjölbreytni sem er að finna í Arnkötludal sé afar sjaldgæf á Vestfjörðum, ef ekki einstök.

Af framansögðu er ljóst að fyrirhuguð vegagerð um Arnkötludal og Gautsdal mun hafa í för með sér töluverð áhrif á votlendi. Ekki kemur þó fram í matsskýrslu hver sé heildarstærð þess votlendis sem mun raskast við framkvæmdina. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Í matsskýrslu er ekki fjallað um endurheimt votlendis í stað þess votlendis sem mun raskast við framkvæmdina. Umhverfisstofnun bendir á að mörkuð hefur verið sú stefna í úrskurðum umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda að endurheimta skuli votlendi í stað þess votlendis sem raskast við framkvæmdirnar. Einnig bendir stofnunin á að í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Meðal markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Einnig að unnið verði að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa þar sem slíkt er talið mögulegt. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.:

„Áhersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.“

Samkvæmt stefnumörkuninni skal áfram leitast við að endurheimta votlendissvæði sem ræst hafa verið fram. Þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði.

Umhverfisstofnun telur því að setja beri það skilyrði fyrir framkvæmdum að endurheimt verði votlendi í stað þess votlendis sem raskast við framkvæmdina. Jafnframt telur stofnunin að við endanlega veggönnun eigi að leggja á það áherslu að draga sem mest úr áhrifum fyrirhugaðrar vegagerðar á votlendi.

Umhverfisstofnun tekur undir það álit sem fram kemur í matsskýrslu að leið 1 sé betri kostur hvað varðar áhrif á gróður en leið 6-N í Arnkötludal vegna áhrifa þeirrar síðarnefndu á ósnortna hallamýri austan við Arnkötludalsá. Samkvæmt gróðurúttekt Náttúrustofu Vestfjarða er ekki verulegur munur á áhrifum valkosta veltengingar við Vestfjarðarveg á gróður.

Náttúrustofa Vestfjarða bendir á það í skýrslu sinni um gróður að umhverfis veginn í Arnkötludal og á háfjallinu sé talsvert jarðvegsrof og mikið af illa grónu landi. Náttúrustofan leggur því til þá mótvægisáðgerð að gera náttúrulegum gróðri til góða með áburðargjöf utan hins eiginlega uppgræðslusvæðis á framkvæmdasvæðinu. Jafnframt mælir náttúrustofan gegn því að framandi tegundum verði sáð í vegsár þar sem miklar líkur séu á því að þær tegundir geti sáð sér verulega út í kringum veginn, inn í náttúrulegan gróður, sérstaklega ef sáð er grastegundum sem bæði hafa mikla fræframleiðslu og þola vel beit. Umhverfisstofnun tekur undir framangreindar ábendingar Náttúrustofu Vestfjarða.

Fuglalíf

Samkvæmt úttekt Náttúrustofu Vestfjarða (sjá fylgiskjal með matsskýrslu) er þó nokkuð fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en flestar tegundirnar eru algengar í náttúru Íslands. Algengustu tegundirnar eru heiðlóa, þúfutittlingur, spói, stelkur, lóupræll, hrossagaukur og jaðrakan. Tvær tegundir á valista eru taldar verpa á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, þ.e. gulönd (tegund í yfirvofandi hættu) og straumönd (tegund í nokkurri hættu). Líkur eru á að hrafnsóðal sé uppi á hjöllumunum fyrir ofan bæinn Foss en þar sáust hrafnar á flugi. Hrafn er á valista sem tegund í yfirvofandi hættu. Grágæs, sem einnig er á valista sem tegund í

yfirvofandi hættu, sást á athugunarsvæðinu en er ekki talin verpa í grennd við veglínurnar. Í Arnkötludal var meiri fjölbreytni og þéttleiki á fuglalífi á leið 6-N en á leið 1, sérstaklega frá eyðibýlinu Arnkötludal að Þvergili. Leið 1 er því betri valkostur með tilliti til áhrifa á fuglalíf. Með því að hlífa votlendissvæðum við raski mætti draga úr áhrifum leiðar 1 á fuglalíf.

Hvað varðar vegtengingu við Vestfjarðaveg hefðu leiðir 3-S og 4-S að mati Náttúrustofu Vestfjarða líklega minni áhrif á fuglalíf en leiðir 1 og 2-S þar sem lagning vegarins færi að hluta til yfir á Gautsdalsveginn, en þó ætti munurinn að vera óverulegur.

Í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða kemur fram að fyrirhugaður vegur mun líklega ekki hafa áhrif á gulönd á svæðinu og að engin efnistaka sé fyrirhuguð við hugsanlega varpstaði gulandar í Arnkötludal. Efnistaka á varptíma úr námu 60, rétt sunnan við Foss í Gautsdal, gæti hins vegar spillt fyrir mögulegu varpi. Hugsanlegt er að leið 6-N muni liggja nálægt straumandarvarpi en aðrar leiðir hafa líklega lítil áhrif á straumönd.

Miðað við framangreint telur Umhverfisstofnun ljóst að leið 6-N um Arnkötludal sé síðri kostur með tilliti til áhrifa á fuglalíf en leið 1. Stofnunin telur mikilvægt að farið verði að þeim tilmælum Náttúrustofu Vestfjarða að framkvæmdir verði ekki á svæðinu frá Hrófá að Vonarholti í Arnkötludal og við Foss í Gautsdal frá maílokum og fram undir ágústlok til að tryggja að ekki spillist varp tegunda á valista. Þá bendir Umhverfisstofnun á að gæta verður þess að ekki spillist votlendi við efnistökusvæði E við framkvæmdirnar.

Náttúruverndarsvæði

Fyrirhugaður vegur liggur hvorki um friðlýst svæði né önnur svæði sem eru á náttúruminjaskrá. Tvö svæði á náttúruminjaskrá eru í grennd við framkvæmdasvæðið, þ.e. Húsavíkurkleif (svæði nr. 328) og Tröllatunga (svæði nr. 329), en þau eru þó utan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar. Fyrirhuguð framkvæmd mun því ekki raska náttúruverndarsvæðum, sbr. skilgreiningu í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Jarðmyndanir

Í umfjöllun í matsskýrslu um staðhætti á framkvæmdasvæðinu segir m.a.: „Fyrir framan Vonarholt eru klettabelti þau, er Hrafnabjörg nefnast. Þar eru surtarbrandsmyndanir eins og víða í Arnkötludal og Tungudal.”

Í umfjöllun um jarðfræði og jarðmyndanir er hins vegar ekki fjallað um surtarbrandsmyndanir á svæðinu og því ekki ljóst af umfjöllun í matsskýrslu hvort hætta sé á fyrirhuguð framkvæmd muni raska slíkum jarðmyndunum.

Landslag

Í matsskýrslu kemur m.a. fram að sú landslagsheild sem fyrirhugaður vegur liggur um sé vestfirskur dalur en það sé landslag sem sé algengt á Vestfjörðum. Leiðin sé að mestum hluta á óröskuðu svæði og muni rjúfa áður nefnt landslag, en í skýrslunni segir einnig að „þar sem áður nefnd landslagsheild er algeng á Vestfjörðum er verndargildið lítið og verða umhverfisáhrif þess að rjúfa heildina því að teljast lítil”.

Umhverfisstofnun bendir á að við mat á verndargildi þeirrar landslagsheildar sem um ræðir verður að taka tillit til hversu mikið er eftir af slíkum landslagsheildum óröskuðum. Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa veruleg áhrif á landslag enda mun fyrirhugaður vegur að miklu leyti liggja um svæði sem er tiltölulega óraskað. Umhverfisstofnun getur ekki tekið undir það álit sem fram kemur í matsskýrslu að heildaráhrif framkvæmdarinnar á landslag verði lítil.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að auk vegarins sjálfs getur efnistaka vegna framkvæmdarinnar haft töluverð á landslag. Stofnunin telur að ekki sé gerð nægjanleg grein fyrir efnistöku í matsskýrslu, sbr. ábendingar hér að neðan, og því sé ekki hægt að meta hugsanleg áhrif efnistöku á landslag.

Vatnafar

Í greinargerð um straumvötn í Arnkötludal, Gautsdal og Geiradal (fylgiskjal með matsskýrslu) kemur fram að töluverð veiði (lax, bleikja og urriði) er í Arnkötludalsá og Hrófá og lax- og silungsgengd er í Geiradalsá, Gautsdalsá og Bakkaá. Í greinargerðinni er bent á að notkun ræsa í vegagerð getur staðbundið breytt rennslisháttum, botngerð og birtustigi í ám. Þar koma jafnframt fram ábendingar um nokkur atriði sem taka verður tillit til við hönnun ræsa til að tryggja að fiskur geti gengið hindrunarlaust um ræsi á fiskgengum árhlutum. Í greinargerðinni kemur einnig fram það álit að ef tillit verður tekið til þessara ábendinga við hönnun á ræsum verði áhrif af framkvæmdum óveruleg.

Umhverfisstofnun telur að tryggja verði að tekið verði tillit til þeirra ábendinga sem fram koma í ofangreindri greinargerð. Jafnframt telur stofnunin eðlilegt að framkvæmdir sem valdið geta gruggmyndun fari fram utan veiði- og hrygningartíma og að þær verði í samráði við embætti veiðimálastjóra.

Efnistaka

Í matsskýrslu kemur fram að heildarefnispörf í veginn er um 700.000 m³. Áætluð efnistaka úr námum er 280.000 m³ og úr skeringum 430.000 m³. Í skýrslunni segir m.a.: „*Námusvæði hafa ekki enn verið rannsökuð ítarlega m.t.t. efnisgæða. Ítarleg rannsókn á námusvæðunum verður gerð á útboðsstigi.*”

Umhverfisstofnun telur óásættanlegt að ekki liggi fyrir lágmarksupplýsingar um áhrif efnistöku í matsskýrslu. Þegar efnistökuastaðir eru valdir ætti jafnframt að gera grein fyrir hvernig staðið verði að efnistöku og frágangi. Umhverfisstofnun bendir á að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verða einna mest vegna skeringa og efnistöku. Stofnunin telur að of seint sé að gera grein fyrir þessum þáttum á útboðstíma þegar aðkoma umsagnaraðila er engin. Jafnframt telur stofnunin að ekki sé hægt að vísa umfjöllun um þessi atriði til gerðar efnistökuáætlunar skv. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, heldur þurfi að gera grein fyrir þeim með fullnægjandi hætti í matsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að áætlað heildarefnismagn á þeim efnistökusvæðum sem afmörkuð eru á teikningum í matsskýrslu er mun meira en það efnismagn sem áætlað er að taka á hverju svæði, sbr. upplýsingar í töflu 4.1 í matsskýrslu. Til dæmis er heildarefnismagn í námu B um 280.000 m³ skv. matsskýrslu en þó er aðeins gert ráð fyrir að þar verði teknir um 50.000 m³ af efni, sbr. tafla 4.1. Þrátt fyrir að ekki sé óeðlilegt að efnistökuastaðir verði afmarkaðir fremur rúmt til að tryggja nægjanlegt efni til framkvæmdanna telur Umhverfisstofnun að framangreindur munur sé ekki ásættanlegur.

Núllkostur

Í matsskýrslu kemur fram að núllkostur sé að ekki verði lagður heilsársvegur á þessari leið, þ.e. engin framkvæmd og óbreytt ástand. Þar segir einnig:

„*Austan við fyrirhugaðan Stranddalaveg liggur Tröllatunguvegur nr. 605 á milli Hólmavíkurhrepps og Reykhólahrepps um Tröllatunguheiði. Tröllatunguvegur er einungis sumurvegur og ekki er talið mögulegt að gera hann að viðunandi heilsársvegi og það*

vegstæði hafi því ekki komið til greina. Tröllatunguvegur er eign Vegagerðarinnar og Leið ehf. hefur ekki umráð yfir honum. Ekki er því fjallað um Tröllatunguveg í þessari skýrslu." Í umsögn sinni um tillögu að matsáætlun gerði Umhverfisstofnun athugasemdir við umfjöllun um núllkost í áætluninni, en þar kom m.a. fram að ekki væri gert ráð fyrir að fjalla um núllkost í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að þrátt fyrir að fram komi í matsskýrslu að Leið ehf. „hafi ekki umráð yfir“ Tröllatunguvegi virðist sem gert sé ráð fyrir að Vegagerðin taki við vegi um Arnkötludal, ýmist fullbúnum eða á byggingartíma og annist rekstur hans, þ.m.t. vetrarviðhald. Umhverfisstofnun telur því að fjalla hefði átt um núllkost í matsskýrslu.

Í matsskýrslu kemur ekki fram hvað gert verður við núverandi veg yfir Tröllatunguheiði ef af framkvæmdum verður. Umhverfisstofnun telur að taka verði af allan vafa um það hvað gert verður við núverandi veg yfir Tröllatunguheiði ef af framkvæmdum verður, s.s. hvort vegurinn verði fjarlægður sem mótvægisáðgerð við lagningu nýs vegar um Arnkötludal og Gautsdal.


Niðurstaða


Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif á gróður, dýralíf eða lífríki í ám, ef tekið verður tillit til framangreindra athugasemda. Það er mat stofnunarinnar að leið 6-N um Arnkötludal muni hafa verulega meiri áhrif á gróður og dýralíf en leið 1 og því eigi að leggja veg um Arnkötludal samkvæmt leið 1 ef af framkvæmdum verður. Stofnunin telur að ekki sé verulegur munur á umhverfisáhrifum vegtenginga við Vestfjarðaveg.

Fyrirhuguð veglagning um Arnkötludal og Gautsdal mun hafa í för með sér töluvert rask á votlendi. Umhverfisstofnun telur að setja beri það skilyrði fyrir framkvæmdum að endurheimt verði votlendi í stað þess sem raskast við framkvæmdina. Jafnframt telur stofnunin að við endanlega veghönnun eigi að leggja á það áherslu að draga sem mest úr áhrifum fyrirhugaðrar vegagerðar á votlendi.

Umhverfisstofnun telur að ekki hafi verið gerð nægjanleg grein fyrir efnisvinnslu og frágangi efnistökusvæða. Að mati stofnunarinnar er nauðsynlegt að lagðar verði fram ítarlegri upplýsingar um efnistöku til að hægt sé að meta umhverfisáhrif fyrirhugaðrar efnistöku, sbr. athugasemdir hér að framan. Stofnunin telur ekki nægjanlegt að fjallað verði um viðkomandi þætti í útboðsgögnum eða að þeim verði vísað til gerðar efnistökuáætlunar, sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Virðingarfyllt


 Sigurros Friðriksdóttir
 fagsviðsstjóri


 Helgi Jónsson
 forstöðumaður framkvæmda-
 og eftirlitssviðs